

**Nd.**

**811. Breytingartillögur**

[368. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála er selveiðar varða.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Landbúnaðarráðuneytið skal í samráði við sjávarútvegsráðuneytið leita samninga um að Hafrannsóknastofnun annist rannsóknir á selum við Ísland. Verði öðrum tilteknum aðilum falið að annast selarannsóknir skulu rannsóknáætlanir þar að lútandi sendar Hafrannsóknastofnun áður en rannsóknir hefjast. Skal þá Hafrannsóknastofnun ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Við framkvæmd laga þessara skal landbúnaðarráðuneytið hafa samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela.